

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sýslumanni til húsabyggingar. — Með þóknanlegu brjefi 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Sigurðar Jónssonar, þar sem hann fer þess á leit, að varið verði 5 til 7000 kr. til þess að reisa á lands-sjóðs kostnað embættis bústað í Stykkishólmi fyrir hann og eptirmenn hans í embættinu. **56**
13. apríl.

Af tilefni þessu skal ekki hjálða látið að endursenda beiðni þessa, og tjá yður jafnframt þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að eins og beiðni þessi nú liggur fyrir, er eigi unt að veita hana. — Hinsvegar mun ráðgjafinn ekki hafa neitt á móti því að veita beiðanda, ef hann óskar þess alt, að 5000 kr. lán úr viðlagasjóði til húsgerðar í Stykkishólmi, gegn því að hann gefi fyrsta veðrjett fyrir láninu í fasteign þessari með því, er henni fylgir, og með þeim skilyrðum, að láns-upphæðin fari eigi fram úr $\frac{3}{4}$ verðs þess er húsið verður metið til með löglegri virðingu, þá er það er fullgjört; að eigandi skuldbindi sig til að halda húsinu vátrygðu gegn elds-voda hjá einhverju vátryggingarfélagi, er stjórnin álitur örugt; að lánið verði ávaxtað og endurgreitt á 28 árum með 6 % árlega af upphaflegri upphæð þess, þannig að vöxtum og afborgun sje apturhaldið af launum Sigurðar sýslumanns, og loks að hann skuldbindi sig til að færa sönnur á, nær sem krafizt verður, að eigninni sje haldið í viðunanlegu ástandi, svo að söluverð hennar nemi á hverri tíð eptir gangverði 25 % meiru en þeirri upphæð, er landssjóður á þá hjá eiganda hennar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að gjöra akbraut frá Gæsavík upp að Möðruvöllum. — Með þóknanlegu brjefi 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi skólastjórans á Möðruvöllum, þar sem hann sækir um að sjer verði veitt 1000 króna lán af viðlagasjóði, til að láta gjöra akbraut úr Gæsavík og upp að Möðruvöllum, gegn því, að skólastjóri og leiguliði á Möðruvöllum endurgjaldi lánið með vöxtum á 28 árum með 6 af hundradi á ári af hinni upprunalegu upphæð þess. **57**
13. apríl.

Af tilefni þessu skal jeg, um leið og jeg endursendi ofanefnt skjal, geta þess, að jeg er yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að skólastjóri verði sjálfur að semja við leiguliða eða aðra þá, er kynnu að vilja nota veginn, um að þeir greiði honum sanngjarnt gjald fyrir notkunina, og vil jeg þvínæst tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er eigi mótfallinn því, að hið um beðna lán veitist umsækjanda gegn því að hann og þeir, er eptir hann verða skólastjórar á Möðruvöllum, endurgjaldi lánið með vöxtum á 28 árum með 6 af hundradi á ári af hinni upprunalegu upphæð þess, þannig að vöxtum og afborgunum verði haldið eptir af launum þeim, sem lögð eru skólastjóraembættinu, og með því skilyrði, að gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum fái rjett til að nota akbrautina án nokkurs endurgjalds.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla 11. febr. 1876. — Eins og yður er kunnugt, herra lands- **58**
4. maí.

31. dag maímanáðar 1883.